


Málsnr.: R17090251
Skjalasafn Ráðhúss
24. maí 2018
Bréfalykill: 010

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
b.t. Önnu Kristinsdóttur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 18. maí 2018
Tilvísun: 2018050831VS/–

Efni: Vinnsla persónuupplýsinga um kjósendur samhliða framkvæmd kosninga í Reykjavík

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta í tilefni af erindi Reykjavíkurborgar frá 3. maí 2018 þar sem óskað var eftir heimild Persónuverndar til að upplýsa unga kjósendur með smáskilaboðum um kosningarétt þeirra, staðsetningu kjörstaða og fyrirkomulag kosninga fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Persónuvernd svaraði erindinu með bréfi hinn 14. sama mánaðar, þar sem fram kom að reglur um leyfisskyldu ættu hér ekki við, auk þess sem veittar voru leiðbeiningar um lagaumhverfi. Jafnframt kom fram að það væri hlutverk ábyrgðaraðila að vinna persónuupplýsinga að gæta að því að vinnslan samrýmdist lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í símtali starfsmanns Persónuverndar og mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar síðar þann sama dag kom fram af hálfu borgarinnar að auk framangreindra smáskilaboða yrðu ungum kjósendum send bréf sem þáttur í rannsókn á kosningaþátttöku eftir hverfum. Um ferns konar bréf yrði að ræða og yrði ein tegund þeirra send þeim sem byggju í tilteknu hverfi, önnur þeim sem byggju í öðru hverfi o.s.frv. Sendi Persónuvernd borginni samdægurs bréf þar sem óskað var eftir umræddum bréfum og öllum þeim gögnum öðrum sem málið vörðuðu. Þá óskaði Persónuvernd þess að upplýst yrði hvert fyrirhugað væri að senda hverja tegund af bréfum.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar sendi Persónuvernd í tölvupósti, hinn 17. maí síðastliðinn, þau fjögur bréf sem um ræðir og lista yfir kjördeildir í Reykjavík þar sem fram kemur hvaða bréf fyrirhugað er að kjósendur í hvaða kjördeild fái. Einnig kemur fram að ungum kjósendum verði skipt í fimm hópa og ráði tilviljun því hvernig hóparnir raðist. Kjósendur í einstökum

kjördeildum muni allir fá sömu tegund af bréfi og verði hvert bréf að jafnaði sent kjósendum í einhverri kjördeildanna á hverjum kjörstað en kjósendur í sumum kjördeildum fá ekki bréf. Eftir kosningar verði upplýsingar um hvaða kjósendur, þ.e. hvaða kjördeilda, fengu hvaða bréf og hverjir fengu ekki bréf keyrðar saman við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um kosningaþátttöku hlutaðeigandi hópa eftir kjördeildum. Þá kemur fram að þetta sé þáttur í rannsókn sem Háskóli Íslands vinni að og að hún hafi hlotið jákvæða umsögn vísindasiðanefndar Háskólans. Í rannsókninni felist að Hagstofa Íslands taki saman eftir kosningar heildarkjörsókn ungra kjósenda innan hvernar kjördeildar, en rannsakendur eða Reykjavíkurborg muni á engu stigi rannsóknar hafa persónugreinanlegar upplýsingar um kjörsókn undir höndum.

Einnig hefur komið fram í fréttáflutningi, sbr. hjálagða útprentun af frétt á vef Ríkisútvarpsins frá 15. maí síðastliðnum, að auk smáskilaboða og bréfasendinga til ungra kjósenda ráðgeri Reykjavíkurborg aðgerðir til að auka kosningaþátttöku innflytjenda og kvenna yfir áttæðu. Verði þar ekki um smáskilaboð heldur aðeins bréf að ræða.

Persónuvernd vill, í ljósi þeirra upplýsinga sem stofnuninni hafa nú borist, vekja athygli á eftirfarandi:

1. Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga, sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölulið 2. gr. laganna, og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölulið sömu greinar. Að framangreindu virtu telst vinnsla persónuupplýsinga upp úr kjörskrá, eins og hér um ræðir, til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000.

2. Ef það er mat ábyrgðaraðila, þ.e. Reykjavíkurborgar í þessu tilviki, að heimild sé fyrir vinnslunni á grundvelli 8. gr. laga nr. 77/2000, þá þarf vinnslan einnig að samrýmast grunnreglum 7. gr. laganna. Samkvæmt kröfu 1. töluliðar 1. mgr. þeirrar greinar skal gæta að því við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Felst meðal annars í því að gætt skal að gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga gagnvart hinum skráða. Sú vinnsla sem hér um ræðir felur meðal annars í sér að einstaklingar eru þátttakendur í rannsókn sem fram fer samhliða framkvæmd kosninga og getur verið til þess fallin að hafa áhrif á kosningahegðun án þess þó að hlutaðeigandi einstaklingum sé kunnugt um þátttöku sína. Telur Persónuvernd að í því sambandi geti sérstaklega reynt á umrætt gagnsæisskilyrði.

3. Í upphaflegu erindi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, frá 3. maí síðastliðnum, var tilkynnt um að fyrirhugað væri að senda smáskilaboð á unga kjósendur sem eingöngu áttu að vera til upplýsinga um kosningarétt og kjörstaði og fyrirkomulag kosninga. Mátti af því skilja að eingöngu væri um að ræða hlutlausan upplýsingatexta sem sendur yrði á alla unga kjósendur sem nú væru að kjósa í fyrsta sinn. Í kjölfarið hefur, í samskiptum Persónuverndar við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, komið í ljós að vinnslan er víðtækari en svo.


4. Hvað varðar sendingu bréfa til innflytjenda og kvenna yfir áttæðu skal tekið fram að engin gögn þar að lútandi hafa borist stofnuninni þrátt fyrir að hún hafi óskað eftir öllum gögnum um málið. Af því mætti draga þá ályktun að fallið hafi verið frá sendingu bréfa til þessara hópa. Ef svo er ekki skal hins vegar bent á að vinnsla persónuupplýsinga í því sambandi þyrfti sem endranær að byggjast á heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000, auk þess sem gæta þyrfti að grunnreglum 7. gr. sömu laga. Enn fremur getur þá komið til skoðunar hvort vinnslan sé tilkynningarskyld


samkvæmt 17., 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig reglur nr. 712/2008, um tilkynningarskyldu og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Þá áréttar Persónuvernd framkomna ósk um að henni verði send öll gögn sem málið varða.

Að því virtu að fyrirhuguð vinnsla færi fram í tengslum við framkvæmd kosninga þykir Persónuvernd rétt að upplýsa dómsmálaráðuneytið og umboðsmann Alþingis um mál þetta. Er þeim því sent bréf þar sem greint er frá máli þessu, en hjálagt er afrit af því bréfi.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Valborg Steingrimsdóttir

Hjálagt:

Afrit af bréfi Persónuverndar til dómsmálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis, dags. í dag
Frétt prentuð út af vef Ríkisútvarpsins 18. maí 2018: „Fá grænt ljós á fjölda-sms frá
Persónuvernd“, sem birtist 15. maí 2018

Afrit:


Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
105 Reykjavík

Dómsmálaráðuneytið
b.t. Bryndísar Helgadóttur skrifstofustjóra
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dómsmálaráðuneytið
b.t. Bryndísar Helgadóttur skrifstofustjóra
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 18. maí 2018

Tilvísun: 2018050831BS/-

Efni: Vinnsla persónuupplýsinga um kjósendur samhliða framkvæmd kosninga í Reykjavík

Með erindi hinn 3. maí 2018 óskaði Reykjavíkurborg eftir heimild Persónuverndar til að upplýsa unga kjósendur með smáskilaboðum um staðsetningu kjörstaða og fyrirkomulag kosninga fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Svarað var með bréfi, dags. 14. s.m., þar sem fram kom að reglur um leyfisskyldu ættu hér ekki við, auk þess sem veittar voru leiðbeiningar um lagaumhverfi. Jafnframt kom fram að það félli undir ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga að gæta að því að vinnsla samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í símtali starfsmanns Persónuverndar og mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar hinn 14. maí 2018 kom fram af hálfu borgarinnar að auk framangreindra smáskilaboða yrðu umræddum kjósendum send bréf sem þáttur í rannsókn á kosningaþátttöku eftir hverfum. Um ferns konar bréf yrði að ræða og yrði ein tegund þeirra send þeim sem byggju í tilteknu hverfi, önnur þeim sem byggju í öðru hverfi o.s.frv. Sendi Persónuvernd borginni samdægurs bréf þar sem óskað var eftir umræddum bréfum og öllum þeim gögnum öðrum sem málið vörðuðu. Þá óskaði Persónuvernd þess að upplýst yrði hvert fyrirhugað væri að senda hverja tegund af bréfum.

Svarað var í tölvupósti hinn 17. maí 2018. Í svarinu kom fram að ungum kjósendum yrði skipt í fimm hópa og réði tilviljun því hvernig hóparnir röðuðust. Nánar tiltekið fengju kjósendur á hverjum kjörstað bréf með mismunandi skilaboðum eftir kjördeildum, auk þess sem kjósendur í sumum kjördeildum fengju ekki bréf. Þá kom fram í svarinu að um ræddi þátt í rannsókn sem Háskóli Íslands ynni að og hefði hún hlotið jákvæða umsögn vísindasiðanefndar Háskólans. Í

rannsókninni fælist að Hagstofa Íslands tæki saman eftir kosningar heildarkjörsókn ungra kjósenda innan hverrar kjördeildar, en rannsakendur eða Reykjavíkurborg myndu á engu stigi rannsóknar hafa persónugreinanlegar upplýsingar um kjörsókn undir höndum.


Persónuvernd hefur nú sent mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar bréf, dags. í dag, þar sem vakin er athygli á kröfum laga nr. 77/2000 um gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga gagnvart hinum skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna, en bent er á að á þá kröfu getur reynt í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga þar sem einstaklingar taka þátt í rannsókn án þess að hafa um það vitneskju. Þá er meðal annars vísað til fréttáflutnings af því að ekki aðeins verði send bréf til ungra kjósenda heldur einnig innflytjendum og konum yfir áttæðu og áréttuð ósk um öll gögn málsins.

Í ljósi þess að um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer samhliða kosningum, telur Persónuvernd einnig geta hér reynt á ákvæði kosningalöggjafar. Sú löggjöf heyrir ekki undir starfssvið Persónuverndar. Hins vegar þykir stofnuninni rétt að vekja athygli dómsmálaráðuneytisins á framangreindu í ljósi þess hlutverks sem það hefur í tengslum við framkvæmd sveitarstjórnkosninga samkvæmt lögum um slíkar kosningar, nr. 5/1998. Þá þykir stofnuninni rétt að vekja athygli umboðsmanns Alþingis á málinu í ljósi þess hlutverks hans að hafa eftirlit með störfum stjórnvalda.

F.h. Persónuverndar,



Þórunn Sveinsson



Valborg Steingrimsdóttir


Hjálagt:

Afrit af bréfi Persónuverndar til mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. í dag
Útprintun af erindi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar til Persónuverndar frá 3. maí 2018
Afrit af bréfum Persónuverndar til mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 14. maí 2018
Útprintun af svari mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar til Persónuverndar frá 17. maí 2018, og fylgigögnum með því
Frétt prentuð út af vef Ríkisútvarpsins 18. maí 2018: „Fá grænt ljós á fjölda-sms frá Persónuvernd“, sem birtist 15. maí 2018

Afrit:

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Anna Kristinsdóttir
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Fá grænt ljós á fjölda-sms frá Persónuvernd



Mynd: RÚV

Reykjavíkurborg mun að óbreyttu senda smáskilaboð á alla unga kjósendur með brýningu um mikilvægi kosningaréttarins, eftir að hafa fengið grænt ljós frá Persónuvernd. Í svari Persónuverndar til borgarinnar segir að slíkar skilaboðasendingar flokkist ekki sem markaðssetning í skilningi laga.

Reykjavíkurborg sótti um það til Póst- og fjarskiptastofnunar að fá undanþágu frá banni við óumbeðnum fjarskiptum, sem kveður á um að ekki megi senda skilaboð til markaðssetningar nema viðtakandinn hafi samþykkt fyrirfram að fá slík skilaboð. Reykjavíkurborg tók fram að samhliða sendingunum mundi Háskóli Íslands vinna rannsókn á kosningahegðun. Póst- og fjarskiptastofnun sagði í svari sínu að stofnunin hefði ekki heimild til að veita slíka undanþágu en vísaði á Persónuvernd, sem fjalli um notkun persónuupplýsinga í rannsóknarskyni.

Reykjavíkurborg sendi því erindi um málið á Persónuvernd, sem svaraði í gær. Svarið, sem fréttastofa hefur undir höndum, er ekki afdráttarlaust en í því segir að það sé einfaldlega undir þeim komið sem sendir skilaboðin, í þessu tilviki Reykjavíkurborg, að sjá til þess að það sé gert í samræmi við Persónuverndarlög.

Ekki markaðssetning, að mati Persónuverndar

Í svarinu fjallar Persónuvernd um hvernig skuli skilgreina markaðssetningu og segist hafa tekið afstöðu til þess álitaefnis í fyrri úrskurðum sínum: markaðssetning sé það að beina sókn að skilgreindum hópi einstaklinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á skoðanir þeirra eða hegðun eða til að afla fylgis við tiltekna menn eða málefni.

„Ekki verður séð að slíkt eigi við hér enda er sú vinnsla sem í erindi yðar greinir ekki í þeim tilgangi að afla fylgis við tilteknar stjórn málahreyfingar, menn eða málefni, heldur til

almennrar vitundarvakningar og upplýsinga um kosningarétt, framkvæmd kosninga og kjörstaði," segir í svarinu til Reykjavíkurborgar.

Þá segir Persónuvernd að í lögum sé markaðssetning fyrst og fremst skilgreind sem viðskipti með eða kynning á vörum eða þjónustu sem veitt sé gegn greiðslu. Það eigi ekki heldur við um skilaboðin sem Reykjavíkurborg hyggst senda.

Af þessari útlekkingu Persónuverndar má ráða að Reykjavíkurborg hefði getað sent skilaboðin óháð því hvort þau hefðu rannsóknartilgang eða ekki – þau væru ekki markaðssetning og brytu þar með ekki gegn banninu um óumbeðin fjarskipti.

Ætlar að fara betur yfir úrskurðinn með lögfræðingum

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri borgarinnar, sem heldur utan um verkefnið, segist í samtali við fréttastofu vera sammála þeirri túlkun við fyrstu sýn, en tekur fram að hún eigi eftir að fara betur yfir úrskurðinn með lögfræðingum borgarinnar. Að óbreyttu þýði svar Persónuverndar hins vegar að skilaboðin verði send.

Innan við helmingur kosningabærs fólks á aldrinum 18-24 ára kaus í síðustu sveitarstjórnarkosningum og áttakinu er ætlað að efla þátttöku þess. Því er einnig beint að tveimur öðrum hópum, innflytjendum og konum yfir áttæðu, en þeir hópar fá þó ekki sms-skilaboð heldur bréf í pósti.

Uppfært kl. 16.18:

Samkvæmt upplýsingum frá Persónuvernd fjallaði erindi Reykjavíkurborgar ekki um rannsóknina sem ráðist verður í með Háskóla Íslands heldur einungis skilaboðasendingarnar sem slíkar. Fréttinni hefur verið breytt í samræmi við þetta.

[HTTP://WWW.FACEBOOK.COM/SHARER.PHP?U=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/FA-GRAENT-LJOS-A-FJOLDA-SMS-FRA-PERSONUVERND&T=FÁ GRÆNT LJÓS Á FJÖLDA-SMS FRÁ PERSÓNUVERND](http://www.facebook.com/sharer.php?u=http://www.ruv.is/frett/fa-graent-ljos-a-fjolda-sms-fra-personuvernd)

[HTTP://TWITTER.COM/SHARE?URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/FA-GRAENT-LJOS-A-FJOLDA-SMS-FRA-PERSONUVERND&TEXT=FÁ GRÆNT LJÓS Á FJÖLDA-SMS FRÁ PERSÓNUVERND](http://twitter.com/share?url=http://www.ruv.is/frett/fa-graent-ljos-a-fjolda-sms-fra-personuvernd&text=fá%20grænt%20ljós%20á%20fjöldu%20sms%20frá%20persónuvernd)

[HTTP://WWW.REDDIT.COM/SUBMIT?URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/FA-GRAENT-LJOS-A-FJOLDA-SMS-FRA-PERSONUVERND&TITLE=FÁ GRÆNT LJÓS Á FJÖLDA-SMS FRÁ](http://www.reddit.com/submit?url=http://www.ruv.is/frett/fa-graent-ljos-a-fjolda-sms-fra-personuvernd&title=fá%20grænt%20ljós%20á%20fjöldu%20sms%20frá%20persónuvernd)

[HTTP://WWW.LINKEDIN.COM/SHAREARTICLE?MINI=TRUE&URL=HTTP://WWW.RUV.IS/FRETT/FA-GRAENT-LJOS-A-FJOLDA-SMS-FRA-PERSONUVERND&TITLE=FÁ GRÆNT LJÓS Á FJÖLDA-SMS FRÁ PERSÓNUVERND&SUMMARY=RÚV](http://www.linkedin.com/sharearticle?mini=true&url=http://www.ruv.is/frett/fa-graent-ljos-a-fjolda-sms-fra-personuvernd&title=fá%20grænt%20ljós%20á%20fjöldu%20sms%20frá%20persónuvernd&summary=rúv)

Stígur Helgason

Fréttastofa RÚV

 **Senda skilaboð**

Hlusta http://app-eu.readspeaker.com/cgi-bin/rsent?customerid=8321&lang=is_is&readid=region-two-66-33-first-wrapper-1271885&url=http://www.ruv.is/frett/fa-graent-ljos-a-fjolda-sms-fra-personuvernd

Mest lesið á RÚV

[Í dag](#) [Vikan](#)

- [Úttröðnar töskur af gjaldeyri og skarti](#)



<http://www.ruv.is/frett/uttrodnar-toskur-af-gjaldeyri-og-skarti>